

Hluthafafundur Solid Clouds hf. 10. janúar 2025

Stjórn Solid Clouds hf., kt. 600913-2550, boðar til hluthafafundar föstudaginn 10. janúar 2025, kl. 16:00 í höfuðstöðvum félagsins, Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi.

Stjórn Solid Clouds hf., kt. 600913-2550, boðar hér með til hluthafafundar föstudaginn 10. janúar 2025, kl. 16:00 í höfuðstöðvum félagsins, Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi.

Dagskrá fundarins:

- Tillaga um að félagið gefi út skuldabréf með breytirétti og heimild stjórnar til að gefa út nýtt hlutafé fyrir allt að 200.000.000 kr. að nafnverði til að gefa út hluti til að mæta kröfum vegna skuldabréfanna.
- Heimild til handa stjórn til að hækka hlutafé um allt að 300.000.000 hluti að nafnverði með útgáfu nýrra hluta (án forgangsréttar).
- Heimild til handa stjórn til að hækka hlutafé um allt að 100.000.000 hluti að nafnverði með útgáfu nýrra hluta (með forgangsrétti).
- Tillaga um að fella brott núverandi ákvæði 4. mgr. 4.gr. samþykka félagsins.
- Önnur mál

Dagskrá fundarins og fundargögn, eru aðgengileg á vefsetri félagsins, <https://www.solidclouds.com/investors/egm2025>. Tillögur fyrir aðalfund eru viðhengi með fundarboði þessu.

Hluthafi og umboðsmaður hans getur skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað frá og með kl. 14:30 á fundardegi. Einnig er unnt að forskrá sig til kl. 13:00 á fundardegi með því að senda tölvupóst með nafni og kennitölu á netfangið investors@solidclouds.com. Umboðsmaður sem hyggst skrá sig með tölvupósti þarf að framvísa undirrituðu umboði og útfylla umboðseyðublað og senda á sama netfang.

Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthafa gefst kostur á að láta umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd enda framvísi umboðsmaður undirrituðu umboði frá hluthafa, sbr. framangreint.

Til þess að tillaga frá hluthafa, sem leggja á fyrir fundinn, verði tekin þar til umræðu verður að skila tillögunni til stjórnar félagsins á netfangið investors@solidclouds.com í síðasta lagi fimm dögum fyrir fundinn.

Að lokinni dagskrá fundarins verður boðið upp á léttar veitingar í húsakynnum Solid Clouds hf.

Seltjarnarnes, 20. desember 2024
F.h. stjórnar Solid Clouds hf.
Eggert Árni Gíslason
stjórnarformaður

Fréttatilkynning
20 December 2024 15:57:00 GMT



Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við

Fjárfestatengsl:

Stefán Þór Björnsson

stefanbjo@solidclouds.com

Viðhengi

[Hluthafafundur Solid Clouds hf. 10. janúar 2025](#)

[SOLID CLOUDS Dagskrá Og Tillögur Fyrir Hluthafafund Janúar 2025](#)